

**Skýrsla fulltrúa ASÍ frá**  
**90. þingi Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar í Genf**  
**3.-20.júní 2002.**

**Inngangur**

Þingið sótti af hálfu verkalýðshreyfingarinnar Magnús M. Norðdahl deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ. Síðustu daga þingsins sat Kristján Bragason, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands í hans stað en Kristján sótti Genfarskólann að þessu sinni ásamt Þórveigu Þormóðsdóttur frá BSRB. Af hálfu atvinnurekanda sat Jón Magnússon lögfræðingur SA fyrri hluta þingsins en Hrafnhildur Stefánsdóttir yfirlögfræðingur SA síðari hlutann. Af hálfu stjórnvalda sátu þingið alveg eða að hluta sendiherra Íslands í Genf, sendiráðsritari en þær Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu og Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri sátu einnig sitt hvorn helming þess. Eyjólfur Sæmundsson forstjóri Vinnueftirlits ríkisins sat og hluta þingsins til þess að fylgjast með störfum nefndar þess um vinnuslys og atvinnusjúkdóma.

Auk venjulegra þingstarfa starfaði þingið í 4 aðalnefndum. Vegna þess að einungis sat þingið einn fulltrúi verkafólks frá Íslandi var ekki unnt að fylgjast nema með hluta af störfum allra nefnda.

Undanfarin mörg ár hefur fulltrúi okkar starfað í nefnd þingsins um framkvæmd ILO samþykktu. Þar er fjallað um brot aðildarþjóðanna á hinum ýmsu ILO samþykktum en þó sérstaklega á grundvallarsamþykktum. Ekki var á þessu þingi fjallað um kæru ASÍ á hendur íslenskum stjórnvöldum vegna brota á samþykktum 87 og 98 með lagasetningu á kjaradeilu sjómanna. Þess er hins vegar getið í þingskjölum að slík kæra liggi fyrir en jafnframt að hún sé í vinnslu og komi til meðferðar síðar. Eftir að hafa starfað í þessari nefnd á síðasta þingi ákvað ég að setjast með fullum atkvæðisrétti í þá nefnd þingsins sem tekur við og fjallar um væntanlegar ályktanir. Jafnframt störfuðu nefndir um eflingu samvinnufélaga en Kristján Bragason fylgdist með þeirri umræðu, nefnd um vinnuslys og atvinnusjúkdóma og loks nefnd um óformlega hagkerfið.

**Kosningar**

Á þinginu var stjórn stofnunarinnar kjörin. Fulltrúar verkafólks kjósa sérstaklega sína fulltrúa, atvinnurekendur sína og ríkisstjórnirnar sína. Stjórnina skipa 56 einstaklingar. 14 frá verkafólki, 14 frá atvinnurekendum og 56 frá ríkisstjórnunum. Þessir fulltrúar fara með atkvæðisrétt en jafnframt eru kjörnir með sama hætti 76 fulltrúar ( 19/19/38 ) án atkvæðisréttar. Aðalfulltrúar verkafólks fyrir kjörtímabilið 2002-2005 verða:

Bretinn William Brett ( sem jafnframt var kjörinn formaður stjórnar ), Sharan Burrow frá Ástralíu, Ulf Edström frá Svíþjóð, Ursula Engelen-Kefer frá Þýskalandi, Sukesada Ito frá Japan, Kjeld Aagaard Jacobsen frá Brasilíu, Basile Mahan Gahe frá Fílabeinsströndinni, Adams Oshiomhole frá Nígeríu, Jean-Claude Parrot frá Kanasa, Zainal Rampak frá Malasíu, Evgeny Sidorov frá Rússlandi, Abdelmajid Sidi Al Said frá Alsír, Jesus Urbieto frá Venesúela og loks Jerri Zellhoefer frá Bandaríkjunum.

Um þessar kosningar var ekki neinn sérstakur hiti en þegar kom að kjöri fulltrúa án atkvæðisréttar hitnaði verulega í kolunum. Í fyrri umferð kosninganna kom í ljós að Kara Yousef frá Ísrael myndi gjalda þjóðernis síns. Hann fékk í þeirri umferð jafnmörg atkvæði og fulltrúi Kínverja. Kínverjar hafa um langt skeið sótt fast eftir því að ná manni í stjórn ILO en ekki haft erindi sem erfiði enda er kínversk verkalýðshreyfing “ríkisrekin” og almennt ekki álitin koma fram fyrir hönd kínversks launafólks. Í síðari umferð kosninganna tapaði síðan Kara Yousef en hann átti áður sæti í stjórn og var studdur af Alþjóðasamtökum frjálsra verkalýðsfélaga (ICFTU).

Það er álit margra að þessi niðurstaða hafi verið slæm en á hinn bóginn má segja að ef til vill megi vinna betur að málefnum kínversks launafólks þegar Kínverjar neyðast til þess að taka ábyrgð á störfum ILO, m.a. vinnu samstakanna að viðurkenningu grundvallarréttinda verkafólks. Það sama verður hins vegar ekki sagt um þann fulltrúa frá Hvíta-Rússlandi sem ríkisstjórnirnar kusu í stjórn ILO en Hvíta-Rússland hefur um árabil verið undir smásjá ILO vegna ítrekaðra og mjög grófra brota gagnvart verkalýðshreyfingu landsins en jafnan gefið stofnunni langt nef.

### Ályktanir

Fyrir ályktunarnefndinni lágu við upphaf nefndarstarfa 12 drög að ályktunum. Þær voru sem hér segir:

- a) Um jafnrétti kynjanna flutt af ríkisstjórnnum norðurlandanna.
- b) Um hlutverk ILO og möguleika til þess að fjalla um hernám Ísraels og ofbeldi þeirra gagnvart verkafólki í Palestínu og öðrum hernumdum svæðum flutt af ríkisstjórnnum flestra arabaríkjanna ásamt fulltrúum atvinnurekenda og verkafólks á sama svæði.
- c) Um þríhliðasamstarf innan ILO flutt af fulltrúum atvinnurekenda í Sviss, Suður Afríku, Noregi o.fl.
- d) Um alþjóðlega hæfni á vinnumarkaði flutt af ríkisstjórnnum Kanada, Finnlands, Írlands o.fl.
- e) Um styrkingu þríhliðasamstarfs og félagslegra viðræðna flutt af fulltrúum verkafólks frá Costa Rica, Benin og öllum Norðurlöndunum.
- f) Um sjálfbæra þróun flutt af fulltrúum verkafólks frá Costa Rica, Benin og öllum Norðurlöndunum.
- g) Um launajafnrétti flutt af fulltrúum verkafólks frá Costa Rica, Benin og öllum Norðurlöndunum.
- h) Um asbest og ábyrgð af notkun þess flutt af fulltrúum verkafólks frá Costa Rica, Benin og öllum Norðurlöndunum.
- i) Um félagslega ábyrgð fyrirtækja flutt af fulltrúum verkafólks frá Costa Rica, Benin og öllum Norðurlöndunum.
- j) Um andlegt ofbeldi á vinnustað flutt af fulltrúum verkafólks í Dóminíkanska lýðveldinu og Gíneu.
- k) Um þríhliðasamstarf og félagslegar viðræður flutt af sömu aðilum.
- l) Um sjálfbæra þróun flutt af sömu aðilum.

Þar sem margar ofanritaðra ályktana fjalla um sömu eða svipaða hluti fór verulegur tími í upphafi starfa nefndarinnar í að reyna að samræma þær. Þetta var annarsvegar unnið í hópi aðila sérstaklega og síðan á fundum talsmanna verkafólks, atvinnurekenda og ríkisstjórnanna. Á sérstökum fundi ICFTU var ég beðinn um að sjá um kynningu á tillögu okkar um launajafnrétti og gerði ég það. Í þessari tillögu er gengið lengra og farið dýpra en í tillögu norrænu ríkisstjórnanna um jafnrétti kynjanna. Í ályktun okkar er á því byggt að til þess að ná fullu launajafnrétti milli kynjanna þurfi að líta til fleiri þátta og tryggja fullt jafnrétti á vinnumarkaði óháð þjóðerni, trúarbrögðum eða fötlun.

Þegar leið á fyrstu viku þingsins leit dagsins ljós texti af ályktunum þar sem tekist hafði grundvallarsátt um sameiginlegan texta á tillögum um sama efni. Hafði þá ályktunum verið fækkað niður í sjö. Í leynilegri atkvæðagreiðslu í lok fyrstu viku var síðan tekin ákvörðun um það hvaða fimm ályktanir skyldu ræddar í vikunni á eftir en að jafnaði ná ekki nema 2-3 af þeim inn á lokafund þingsins þar sem allir atkvæðisbærir fulltrúar koma saman. Því miður reyndist ekki hægt að ná fram fullri sátt um röðun ályktana innan hóps verkafólks. Arabaríkin vildu tryggja að tillagan um ástandið á hernumdu svæðunum yrði nr. 1 en á það gátu fjölmargir fulltrúar ekki fallist. Í texta tillögunnar er farið mjög hörðum orðum um Ísraelsríki auk þess sem lagt er til að ILO álykti um skil á hernumdum svæðum, eyðileggingu landnemabyggða o.fl. en þessi atriði falla ekki undir hlutverk ILO. Rétt er taka það fram að ILO hefur á s.l. árum verið mjög virkur aðili við uppbyggingu í Palestínu og hefur ítrekað sent þangað og til Ísrael nefndir og sérfræðinga. Fyrir þingið var lögð mjög vönduð og ítarleg skýrsla framkvæmdastjóra ILO um áhrif hernaðarins og hefndarverkanna á efnahag Palestínu og Ísrael og ekki síður á efnahag einstaklinga og fyrirtækja, menntun, heilsugæslu og fleira. Ráðlegg ég öllum sem kynna vilja sér ástand mála þannig sett fram að lesa þessa skýrslu en hana er að finna á heimasíðu [ILO](#). Skýrsluna er einnig að finna í gagnasafni á skrifstofu ASÍ.

Verkalýðshópurinn gekk sem sagt klofinn til atkvæða og var það miður. Þær fimm tillögur sem ræddar skyldu urðu þessar og skyldu þær ræddar í þeirri röð sem atkvæði féllu:

1. Um þríhliðasamstarf og félagslegar viðræður
2. Um sjálfbæra þróun.
3. Um félagslega ábyrgð fyrirtækja
4. Um jafnrétti kynjanna
5. Um hlutverk ILO og möguleika til þess að fjalla um hernám Ísraela og ofbeldi þeirra gagnvart verkafólki í Palestínu og öðrum hernumdum svæðum flutt af ríkisstjórnnum flestra arabaríkjanna ásamt fulltrúum atvinnurekenda verkafólks.

Tillagan um styrkingu þríhliða samstarfsins var talin mjög mikilvæg af verkalýðshópnum og sammæltust nefndarmenn um að takmarka tillögur til breytinga og freista þess þannig að ná fram umræðu um tillögur 2 og 3. Atvinnurekendur lögðu hins vegar fram breytingartillögur við flestar greinar og nokkrar ríkisstjórnir einnig. Þetta varð til þess að ekki tókst að fjalla um nema fyrstu ályktunina. Meginefni hennar er í sjálfu sér einfalt og fjallar alfarið um mikilvægi þríhliðasamstarfsins sem samstarfs aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda bæði innan ILO og heima fyrir. Jafnframt var nokkuð fjallað um styrkingu

ILO sem stofnunar og aukna þjónustu við samtök verkafólks og atvinnurekenda. Í umræðum skipuðu atvinnurekendur sér í lið með verkalýðshópnum þegar fjallað er um ábyrgð stjórnvalda gagnvart atvinnulífinu en leituðu allra leiða til þess að draga úr sínum eigin skyldum gagnvart verkafólki og stjórnvöldum. Ályktunina er að finna á vef ILO, [skýrslur frá nefndum](#), en hún verður þýdd síðar. Þar sem ljóst varð í annarri viku þingsins að ekki myndi takast að hefja umræðu um málefni Palestínu áttu fulltrúar verkafólks frumkvæði að samstarfi við atvinnurekendur um sameiginlega ályktun þeirra um málið. Þetta tókst og er ályktunin svohljóðandi í lauslegri þýðingu:

### ***Yfirlýsing Verkafólks og Atvinnurekenda um Mið Austurlönd.***

*Hópar verkafólks og atvinnurekenda sem fundað hafa á 90 þingi ILO, minna á stjórnarskrá ILO þar sem lýst yfir að “varanlegur friður um allan heim verði einungis komið á ef félagslegt réttlæti ríkir” og Filadelfíuyfirlýsinguna þar sem segir “að fátækt einhversstaðar ógni velferð allsstaðar” sameinast um að skora á alþjóðasamfélagið að beita öllum áhrifum sínum til þess að stöðva viðvarandi ofbeldi og ógn í Mið Austurlöndum.*

*Hópar verkafólks og atvinnurekenda skora á ríkisstjórn Ísraels og stjórnvöld í Palestínu að koma nú þegar á varanlegu vopnahléi, hverfa frá öllu ofbeldi og vinna saman að því að koma aftur á samningaviðræðum um pólitískt samkomulag í samræmi við samþykkt Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þetta krefst þess að hersveitir Ísraels verði þegar í stað fluttar frá svæðum Palestínumanna og að skref sem duga verði tekin til þess að stöðva hryðjuverkasprengingar sem beinast að borgurum Ísraels. Hin efnislega eyðing og sú hryllilega mannlega þjáning í þessum heimshluta er hrikaleg og aðstæður launafólks óþolandi.*

*Við tökum undir þær alvarlegu áhyggjur sem framkvæmdastjóri ILO hefur látið uppi um niðurbrot félags- og efnahagskerfisins á hernumdu svæðunum af völdum átakanna, um þann djúpstæða mannlega harmleik sem Palestínskar fjölskyldur standa frammi fyrir og um þá óöryggistilfinningu sem búið hefur um sig í Ísrael.*

*Báðir hóparnir ( verkafólk og atvinnurekendur ) staðfesta þann vilja sinn að stefnt skuli að friði, trausti, uppbyggingu trúnaðar og menningarlegri samræðu. Við trúum því að verkalýðshreyfingin í Palestínu og í Ísrael og samtök atvinnurekenda geti sýnt að hagsmunir vinnandi fólks beggja megin borðs fari saman og það er huggun harmi gegn að allir þessir aðilar hafa látið uppi vilja til friðar, raunverulegar áhyggjur af þeim sem þjást, ósk um að hryðjuverkum og ofbeldi linni og að viðræður verði hafnar að nýju með það að markmiði að þarna geti þrífist tvö ríki í friðsamlegri sambúð innan öruggra og viðurkenndra landamæra.*

*Virðing fyrir réttindum verkafólks, atvinna og atvinnustefna sem sérstaklega er beint að konum og ungu verkafólki, uppbygging félagslegs öryggiskerfis fyrir verkafólk og fjölskyldur þeirra er nauðsynlegur þáttur í því að von vakni að nýju á hernumdu svæðunum.*

*Félagslegar viðræður eru jafnvel enn nauðsynlegri á ófriðartímum og aðgerðir til þess að byggja upp hæfni og getu aðila vinnumarkaðarins í Palestínu verður að stórefla ef við viljum leggja okkar af mörkum til þess að endurreisa öryggi og velferð fyrir bæði Ísraelsmenn og Palestínumenn.*

*Báðir hópar verkafólks og atvinnurekenda telja að ILO eigi með virkum hætti að leggja sitt af mörkum til atvinnumála, félagslegs öryggis og félagslegra viðræðna, allt í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og stjórnvöld og í samvinnu við aðrar alþjóðlegar stofnanir.*

*Hvað það varðar hvetja hópar verkafólks og atvinnurekenda innan ILO til þess að:*

- Stofnunin gripi þegar til ráðstafana og styrki enn frekar tímabundin verkefni og tæknilega samvinnu;*
- Að aðildarríki ILO láti af hendi rakna verulegar fjárhæðir til þess að koma á fót Palestínskum sjóði til atvinnuþróunar og félagslegs öryggis;*
- Óska þess að framkvæmdastjóri ILO láti verulega fjármuni frá stofnuninni til þess sjóðs og noti þannig þann rekstrarafgang sem nú er til ráðstöfunar.*

Um ályktun með svona ákveðnu orðalagi hefur ekki áður náðst samstaða um. Flytjendum upphaflegu tillögnum þótti raunar of skammt gengið en full sátt náðist þó að lokum.

### **Nefnd um framkvæmd ILO-samþykkt**

Ekki reyndist unnt að sitja fundi nefndarinnar nema að litlu leyti eins og fyrr segir. Í skýrslu sérfræðinganeftar ILO er Íslands getið. Annars vegar fyrir að hafa ekki staðið skil á skýrslum á réttum tíma og hins vegar er sagt frá kærni ASÍ á hendur íslenskum stjórnvöldum vegna laganna á sjómenn. Það mál kom hins vegar ekki til umræðu þar sem gagnaöflun var ekki lokið. Fulltrúi íslenskra stjórnvalda ávarpaði nefndina og afsakaði þær tafir sem orðið höfðu. Engar sérstakar skýringar voru þó gefnar en skilum lofað fljótlega.

Þau ríki sem tekin voru til sérstakrar umræðu í nefndinni að þessu sinni voru eftirfarandi:

Samþykkt 87 um verndun félagafrelsis, Hvíta Rússland, Kólumbía, Eþíópía, Gvatamala, Swasíland, Venesúela. Samþykkt 98 um réttinn til sameiginlegrar kjarasamningsgerðar, Costa Rica, FíjÍ eyjar, Japan, Zimbabve. Samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu, Fílabeinsströndin, Þýskaland, Mánítanía, Myanmar (Búrma), Súdan. Samþykkt 95 um verndun launa, Moldavía. Samþykkt 105 um afnám nauðungarvinnu, Pakistan, Bandaríkin. Samþykkt 79 um næturvinnu ungs fólks og samþykkt 90 um næturvinnu ungs fólks í iðnaði, Paragvæ. Samþykkt 102 um lágmark félagslegs öryggis, Perú. Samþykkt 111 um mismunun á vinnumarkaði, Qatar. Samþykkt 122 um atvinnustefnu, Tyrkland. Samþykkt 138 um lágmarksaldur, Sameinuðu Arabísku furstadæmin og Samþykkt 81 um vinnueftirlit, Úrúgvæ.

Sérstaka athugasemd í niðurstöðum nefndarinnar fengu Eþíópía, vegna Samþykktar 87, Súdan vegna Samþykktar 29 og Venesúela vegna Samþykktar 87 en þessar athugasemdir sýna verulegar áhyggjur nefndarinnar og von hennar um að koma megi á samstarfi nefndarinnar og viðkomandi landa.

[Megin niðurstöður](#) nefndarinnar er að finna á vef ILO.

### **Nefnd um skráningu og tilkynningu vinnuslysa og atvinnusjúkdóma og um skrá yfir atvinnusjúkdóma**

Fyrir þinginu lágu tvær skýrslur sem framkvæmdastjóri ILO hafði látið undirbúa. Í þessum skýrslum er annars vegar að finna ítarlega umfjöllun og rannsóknir á þessu sviði en jafnframt tillögu að nýjum inngangi að samþykkt 155 og tillögu að nýjum tilmælum þar sem tilgreindur er listi yfir viðurkennda atvinnusjúkdóma. Fram kom í kynningu að 2 milljónir verkafólks látast í vinnuslysum ár hvert sem er nánast tvöföldun frá árinu 1990. Verkefni nefndarinnar var þrjúþætt. Í fyrsta lagi að setja nýjar reglur um skráningu og tilkynningar sem yrði nýr inngangur að samþykkt 155. Í öðru lagi að endurnýja lista þann sem er að finna í samþykkt 121 og loks í þriðja lagi að finna aðferð til þess að halda við og leiðrétta slíka lista. Öll þessi gögn er að finna á heimasíðu ILO, [skýrslur frá nefndum](#). Á þinginu tókst síðan að samþykkja nýjan inngang og ný tilmæli en hvorutveggja ásamt umræðu er að finna á heimasíðu ILO, [niðurstaða nefndar](#) en hvorutveggja verður þýtt síðar.

### **Nefnd um eflingu samvinnufélaga**

Kristján Bragason framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins sat fundi þessarar nefndar sem nemandi í Genfarskólanum. Fyrir nefndinni um eflingu samvinnufélaga lá skýrsla frá fyrra ári sem hafði verið samþykkt af þinginu. Markmiðið var því að fínþessa textann og samþykkja hann sem tillögu til aðildarþjóða (recommendation). Þessi tillaga á að koma í staðinn fyrir eldri tillögu nr. 127 frá 1966 sem gildi eingöngu fyrir þróunarlönd. Í fyrra hafði komið fram töluverður ágreiningur á milli atvinnurekenda og launafólks sérstaklega um hvaða samþykktir ættu að vera hluti af tillögunum, skilgreiningu á hugtakinu samvinnufélag og sértækar aðgerðir fyrir samvinnufélög. Þessi umræða tók sig upp aftur og var talsverð umræða um orðalag og einstakar greinar. Launafólk náði miklum árangri í sínu starfi og náði fram flestum sínum árherslum, enda studdir af flestum ríkistjórnnum. Markmiðið tillögunnar er að fá viðurkenningu á samvinnufélögum sem fyrirtækaformi og skapa leiðbeinandi tillögur og regluverk fyrir samvinnufélög, sem gerir þeim auðveldara að starfa. Í dag starfa um 180 milljón manns í samvinnufélögum í heiminum og til að mynda er 5 hvert fyrirtæki í Þýskalandi hluti af samvinnufélagi. Eðli samvinnufélaga gerir það að verkum að þau geta virkað sem mótvægi gegn neikvæðum áhrifum alþjóðavæðingar og frjálshyggju. Samvinnufélög hjálpa fólki að hjálpa sér sjálft og geta þannig stuðlað að auknu lýðræði, styrkt stöðu launafólks, aukið jafnrétti, starfsmöguleika og réttindi. Þau geta einnig hjálpað til við að minnka bilið á milli þeirra ríku og fátæku.

Frekari gögn er að finna á heimasíðu ILO, [skýrslur frá nefndum](#) og auk þess [umræður](#) um málið.

### **Nefnd um óformlega hagkerfið (Informal Economy)**

Fyrir nefndinni lá skýrsla frá skrifstofu ILO um óformlega hagkerfið, en samkvæmt henni er sjötta hvert nýtt starf sem verður til í heiminum í dag innan þess. T.d. falla um 80% af öllum störfum í Afríku innan þess. Óformlega hagkerfið stækkar sífelld, en innan þess er launafólk óvarið og án allra réttinda. Ástæður stækkunar þessa hagkerfis eru m.a. léleg löggjöf, stjórnsýsluvandamál og aukin fátækt. Mikil umræða fór fram um málið og niðurstaða nefndarinnar var ályktun þar sem lögð var áhersla á að reyna að ná tökum á þessu hagkerfi með því að framfylgja samþykktum og tillögum ILO, sérstaklega í þeim ríkjum þar sem vandamálið væri stærst. Frekari gögn er að finna á heimasíðu ILO, [skýrslur frá nefndum](#) og auk þess [umræður](#) um málið.

*Magnús M. Norðdahl hrl.,  
deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ.*